



Ágúst G. Ágústsson, ritari
Iðnaðarnefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 17. febrúar 2005
SP/hó

Efni: Frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum - auka athugasemdir

Tilv: 2004120008

Árni Snæbjörnsson ráðunautur vakti athygli mína á eftirfarandi varðandi skilgreiningu á netlögum í ofangreindu frumvarpi. Ég vil koma þessari athugasemd hans á framfæri við iðnaðarnefnd, ef það er ekki of seint orðið, og mæli eindregið með, að skilgreiningin verði sett eins og í lögum nr. 64/1994.

“Í 3. gr. um skilgreiningar er í 11. lið fjallað um netlög. Þar er vikið frá þeirri skilgreiningu sem er t.d. í lögum nr. 64/1994 sk. villidýralögum, sem aftur taka mið af eldri lögum. Tel mikilvægt að við höldum okkur við þá skilgreiningu.

Í frumvarpinu er þessi skilgreining þannig.

11. *Netlög:* Vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.


En ætti að vera.

Netlög: Hafsvæði 115m út frá stórstraumsfjörumáli landareignar eða 115m út frá bakka stöðuvatns sem landareignin liggur að. Netlög fylgja einnig eyjum hólum og skerjum í sjó og í stöðuvötnum”.

Við athugun á ofangreindu frumvarpi, fór það einnig framhjá okkur að úr lögnum (nr. 57/1998) er felld 9. grein, sem kveður á um að ekki megi undanskilja eignarlandi rétt til jarðefna, nema með sérstöku leyfi ráðherra.

Stjórn Bændasamtaka Íslands beinir þeim eindregnu tilmælum til iðnaðarnefndar Alþingis, að þetta ákvæði haldist í lögunum og bendir á, að samsvarandi ákvæði er í lögunum um lax- og silungsveiði, og andstaða er við það hjá stjórn BÍ, að kljúfa hlunnindi frá bújörðum. Eftir sem áður geta menn meðlandskiptum selt afmarkaða hluta jarðanna og þar með jarðefnanámur, þar sem um slíkt er að ræða.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurður Þorgeirsson